

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingar í Garðabæ.

Breyting deiliskipulags Urriðaholts.

Fyrst og fremst er um að ræða breytingar sem varða raðhús ofan götu við Hraungötu, Kinnargötu og Keldugötu (húsgerðir R1, R2 og R3) en frá því að byggingarréttur var boðinn til sölu í vor hefur komið á daginn að sögn Urriðaholts ehf. að þær húsagerðir þarfnast endurskoðunar. Einnig eru gerðar tillögur að minniháttar lagfæringum og breytingum.

Fjöldi íbúða verður 342-374 eftir breytinguna en er nú 349-377.

Breytingar ná til húsagerða E2, E3, R1, R2, R3, R4, R5a, R5b, R5c, R5d, R5e, F1, F2, F3a, F3c, F4, F6, F13, F14 og F15.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting deiliskipulags Hofstaðamýrar.

Breytingin nær til lóðarinnar Fífumýri 10 og felur í sér að leyfilegur hámarksgrunnflötur húss með bifreiðageymslu verður 160 m² í stað 150 m².

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 26. mars 2008.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 9. apríl 2008